
REGLUGERÐ FYRIR AGANEFND KLÍ

1. grein

Aganefnd skal skipuð þremur mönnum og tveimur til vara. KLÍ sér um skipun þeirra, og skal formaður nefndarinnar skipaður sérstaklega.

2. grein

Aganefnd skal fjalla um brot leikmanna, forystumanna og aðstoðarmanna á leikstað, í A- eða B-mótum, sem koma fram á dómarskýrslu.

3. grein

Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað.

4. grein

Veita skal refsistig fyrir brot sem hér segir:

- a) 2 refsistig fyrir:
 - reykingar og aðra tóbaksnotkun
 - notkun hverskyns dufts undir keiluskó í keppni
 - notkun hverskyns dufts í gryfjunni, nema hvað nota má „svitapoka“
 - önnur minniháttar óþrúðmannleg framkoma að mati aganefndar
- b) 4 refsistig fyrir:
 - meiðandi ummæli um leikmenn, áhorfendur eða starfsfólk
- c) 6 refsistig fyrir:
 - gagnrýni á ákvarðanir mótisstjóra/dómara
 - grófa óíþróttamannslega framkomu
- d) 10 refsistig fyrir:
 - endurtekna óíþróttamannslega framkomu
- e) 16 refsistig fyrir:
 - ofbeldi utan eða innan leikstaðar
 - að hafa vísvitandi rangt við
 - misnotkun lyfja eða áfengis í keppni
 - ólögmeta þátttöku í leik
 - önnur brot sem leiða til brottvikningar af leikstað.

5. grein

Refsing skal vera að lágmarki sem hér segir:

- Fyrir 4 refsistig – 1 sería í bann
- Fyrir 6 refsistig – 2 seríur í bann
- Fyrir 10 refsistig – 4 seríur í bann
- Fyrir 16 refsistig – 10 seríur í bann

Aganefnd er heimilt að ákveða annað form á refsingu, t.d. tímabundið keppnisbann.

Með seríu er átt við 3 leiki eða fleiri sem leiknir eru sama dag, eftir fyrirkomulagi móts. Hafi leikmaður fengið einnar seríu bann vegna 4 refsistiga, og nær síðan 6 refsistigum skal hann hljóta tveggja seríu bann til viðbótar. Nái hann 10 refsistigum kemur 4 seríu bann til viðbótar. Nái hann 16 refsistigum kemur 10 seríu bann til viðbótar.

Refsingu er aðeins hægt að taka út í mótum sem haldin eru af KLÍ og skal aganefnd ákvarða í hvaða mótum leikmaður skal taka út leikbann.

6. grein

Fyrir brottvikningu eða brot sem framið er utan leikmannasvæðis þannig að brottvikningu verði ekki komið við, eða önnur brot alvarlegs eðlis að mati aganefndar, meðal annars öll brot sem fallið geta undir íslenska hegningarlöggjöf, gagnvart leikmanni, starfsmanni, dómurum eða áhorfendum, skal heimilt að refsa leikmanni með tímabundnu banni. Ítrekun getur, ef brot er mjög alvarlegs eðlis, varðað allt að 12 mánaða banni. Slíkt bann nær til allra móta á vegum KLÍ.

7. grein

Ef leikmenn liðs leika ekki allir í eins búningum, eins og kveðið er á um í reglugerð um keilumót, er aganefnd heimilt að dæma félagið í allt að 5000,- kr. sekt.

8. grein

Ef leikmaður sem er í banni, skiptir um lið og/eða félag, skal refsingin fylgja honum.

9. grein

Ef lið og/eða félag notar leikmann sem er í banni, skal umrædd viðureign dæmd því liði/félagi töpuð.

10. grein

Refsistig sem leitt hafa til refsingar bætast við ný áunnin refsistig á sama leikári og leiða til aukinnar refsingar. Áunnin refsistig hafa einungis áhrif á því leikári sem þau eru unnin á, en refsing þar til hún er tekin út.

11. grein

Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikstað í mótmælaskyni, neitar að hefja leik, halda leik áfram eða mætir ekki til leiks án þess að hafa fyrir því gilda ástæðu. Refsing við því getur orðið brottrekstur úr keppni, stigatap, bann á alla leikmenn liðsins og/eða sektir.

12. grein

Dómarar/mótsstjórar skulu koma skriflegri skýrslu um brot til aganefndar innan 48 klukkust. frá lokum viðureignar eða lokum móts. Sé skýrslan póstlögð skal tilkynna það sérstaklega. Nefndin leggur þær skýrslur til grundvallar þegar hún tekur afstöðu til mála sem varða viðurlög. Þó skal nefndin gefa kost á munnlegum eða skriflegum málflutningi ef mál eru alvarlegs eðlis og varða þyngstu viðurlög og óskir berast um það frá viðkomandi aðilum innan 48 klukkustunda frá umræddum atburði.

13. grein

Brot skulu tekin til úrskurðar innan 7 sólarhringa frá því skýrsla dómara berst aganefnd. Úrskurð aganefndar um refsingu skal tilkynna strax að loknum fundi nefndarinnar og tekur hann gildi kl. 12:00 á hádegi næsta dag. Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður aganefndar tekur gildi. Úrskurð sinn skal aganefnd tilkynna viðkomandi félagi með sannanlegum hætti.

14. grein

Hafi aganefnd ekki kveðið upp úrskurð 14 sólarhringum eftir að skýrsla dómara barst, teljast brot samkvæmt 4. grein a) til d) fyrnd en brot samkvæmt 4. grein e), 6. grein og 11. grein fyrnast að refsingu lokinni.

15. grein

Aganefnd skal halda fundargerðir og skrá þar ákvarðanir sínar.